



## Fundur háskólaráðs 21. mars 2002

### Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 18.03.2002 09:34:10  
Dags: 21.03.2002

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4302/4303/4041  
Fax: 525 4038

7/2002

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 21. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30. Áður en gengið var til dagskrár bauð rektor Maríu Guðmundsdóttur velkomna til fundarins, en hún tekur sæti Dagnýjar Jónsdóttur í háskólaráði. Jafnframt þakkaði ráðið Dagnýju fyrir ánægjulegt samstarf.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagður fram bæklingur frá kennslusviði um inntökuskilyrði og æskilegan undirbúning nýnema.
- 1.2 Svarbréf formanns húsnæðis- og skipulagsnefndar við bréfi frá Júlíusi Sólnes, Gísla Má Gíslasyni og Sigmundi Guðbjarnasyni, dags. 14. febrúar 2002, um breytingu á skipulagi lóðar Háskólans.  
- Stefáni Ólafssyni falið að ganga frá bréfinu f.h. háskólaráðs.
- 1.3 Lagt fram minnisblað um skipan háskólaráðs kjörtímabilið 1. júlí 2002 – 30. júní 2004.
- 1.4 Rektor greindi frá því að hann og rektor KHÍ hafi sett á laggirnar vinnuhóp til að huga að auknu samstarfi skólanna.
- 1.5 Lögð fram áætlun um næstu fundi háskólaráðs o.fl.
- 1.6 Lögð fram Kennsluskrá Háskólans háskólaárið 2002 – 2003.
- 1.7 Lögð fram skýrslan “Kynlegar víddir í dómnefndarálitum?”, Jafnréttisnefnd H.Í., Þorgerður Þorvaldsdóttir, Reykjavík 2002 ásamt Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000-2004.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram minnisblað til háskólaráðs frá formannanefnd, dags. 21. mars 2002, tillaga formannanefndar um stjórnunar- og aðstöðugjald.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Jóhannesi Björnssyni, prófessor, dags. 1. mars 2002, þar sem óskað er eftir að háskólaráð staðfesti skipan prófessors Gunnlaugs Geirssonar í stjórn Sjóðs Níelsar Dungals prófessors.  
- Samþykkt samhljóða.
- 2.3 Lagt er til að Sæþór L. Jónsson, forstöðumaður Reiknisstofnunar Háskólans, verði fulltrúi Háskóla Íslands á aðalfundi NORDUnet A/S sem áætlaður er 18. apríl nk. Sæþór verði jafnframt fulltrúi Háskóla Íslands í stjórn NORDUnet.  
- Samþykkt samhljóða.
- 2.4 Lögð fram frá menntamálanefnd, iðnaðarnefnd og allsherjarnefnd Alþingis til umsagnar eftirtalin frumvörp til laga:  
549. mál, opinber stuðningur við vísindarannsóknir  
533. mál, opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun  
539. mál, Vísinda- og tækniráð.

- Rektor var falið að ganga frá umsögn háskólaráðs ásamt varaforseta ráðsins og fulltrúum Háskólans í Rannsóknarráði Íslands.

- 2.5 Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir MBA nám 2002-2004 við viðskipta- og hagfræðideild.  
- Samþykkt með 6 atkvæðum en einn var á móti.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Drög að umsögn háskólaráðs um endurskoðaðar matsreglur kjaranefndar.

Guðmundur G. Haraldsson og Halldór Jónsson gerðu grein fyrir störfum millifundanefndar háskólaráðs, sem skipuð var á fundi ráðsins 7. mars sl., og framlögðum drögum að umsögn Háskóla Íslands um endurskoðun á matsreglum kjaranefndar, dags. 21. mars.

Málið var rætt ítarlega og lagði rektor fram tillögu í þremur liðum. Þá lagði Oddný G. Sverrisdóttir, fulltrúi hugvísindasviðs í háskólaráði, fram tillögu um að mat á bókum geti verið til 120 stiga (liður 2.2 í matsreglum).

Þar sem tillaga Oddnýjar gengur lengra en einn liður í tillögu rektors var hún fyrst borin undir atkvæði.

- Tillagan var felld með 4 atkvæðum gegn 3.

Þá var tillaga rektors borin undir atkvæði:

1. Lagt verði til að mat á bókum geti verið til 100 stiga að hámarki (liður 2.2 í matsreglum).

Við mat á bókum skal taka mið af því hvort bók er viðamikil, frumleg (áður óbirtar rannsóknaniðurstöður), afrakstur umfangsmikilla rannsókna og líkleg til að hafa áhrif í vísindasamfélaginu. Einnig skal taka mið af því hvort bók hefur verið ritrýnd af óháðum sérfræðingum og því hvort hún hafi verið gefin út af viðurkenndum útgefanda fræðibóka.

- Samþykkt samhljóða.

2. Lagt verði til að heimilt verði að flytja allt að 20% heildarstiga á kennslu- og/eða rannsóknastig uppfylli prófessor skilyrði um heildarstigafjölda í viðkomandi flokki. Hlutfall þetta var áður 10%. Þessi breyting eykur svigrúm innan kerfisins og kemur á mótis við athugasemdir umboðsmanns Alþingis um mat á fyrri störfum prófessors. Breytingin felur einnig í sér að störf við stjórnun, þjónustu og fræðslu eru með skýrari hætti en áður metin til launa.

- Samþykkt með 4 atkvæðum en einn var á móti.

3. Lagt verði til að stigafjöldi fyrir að gegna starfi deildarforseta verði óbreyttur.

- Samþykkt einróma.

Loks bar rektor umsögn Háskóla Íslands um endurskoðun á matsreglum kjaranefndar svo breytta undir atkvæði í heild sinni.

- Samþykkt einróma.

- 3.2 Endurskoðuð tillaga að reglum um Þróunarstofnun Háskóla Íslands, sbr. umræðu á síðasta fundi um drög að reglum um Fræðasetur H.Í.

Lögð voru fram ný drög.

- Frestað til næsta fundar.

- 3.3 Tillaga stjórnar sjóða Háskólans um framtíðarskipun, lögð fram 7.3.02.

- Frestað.

- 3.4 Skýrsla Vinnuhóps um markaðs- og kynningarmál Háskólans, lögð fram 7.3.02

- Samþykkt einróma að fela rektor að fylgja málinu eftir og leggja fram áætlun um það í haust.

### 4. Önnur mál

- 4.1 Samkeppnisstaða Háskóla Íslands.

Rektor lagði fram minnisblað í þremur liðum um mál sem hann mun taka upp í viðræðum við stjórnvöld á næstunni. Um er að ræða þrjú mál:

1. Mál sem varða umgjörð, starfsskilyrði og eftirlit með háskólastarfsemi á Íslandi í kjölfar aukinnar samkeppni við innlenda og erlenda skóla.
2. Mál sem eru óviðunandi að dómi Háskólans.
3. Mál sem ganga alltof hægt og brýnt er að ljúka.

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 15.20